



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 143/281
komudagur 20.11.2013

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2013
1311074/0.1.2/hp


Efni: Umsögn Embættis landlæknis við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brottmál líffæra, nr. 16/1991 (ætlað samþykki).

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir. Embættið telur að frumvarp um "ætlað samþykki" við líffæragjafir geti verið einn liður í að fjölga líffæragjöfum hér á landi. Samtímis þessu er mikilvægt að auðvelda fyrir þá sem þess óska að skrá vilja sinn á einfaldan hátt í rafrænan miðlægan gagnagrunn þrátt fyrir að framangreind leið verði farin. Þannig mun einstaklingur geta skráð hvort hann kys að gefa líffæri sín eða ekki.

Embætti landlæknis vill taka fram að reynsla annarra þjóða sem hafa tekið upp ætlað samþykki við líffæragjafir sýna fram á að ekki er nægilegt að gera eingöngu þessa lagabreytingu heldur þarf að grípa til annarra ráðstafana til að fjölga líffæragjöfum. Fræðsla og upplýsingagjöf til almennings þarf að vera regluleg og markviss. Þá þarf einnig að fræða heilbrigðisstarfsmenn um líffæragjafa og þjálf þá til að ræða við aðstandendur um líffæragjöf. Stjórnvöld þurfa að tryggja að þetta verði gert samhlíða lagabreytingunni.

Það skal tekið fram að verkefni líffæraígræðslunefndar hefur verið flutt frá velferðarráðuneytinu til Embættis landlæknis. Embættið sinnir því skilgreindum verkefnum hvað varðar málefni líffæragjafa og líffæraígræðslu og er tilbúið að leggja sitt af mörkum varðandi fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks.

Virðingarfyllst,


Jörðlaug Heímsdóttir, verkefnastjóri
Svið eftirlits og gæða